

Niðurstöður samráðs vegna frumvarps til laga um breytingu á safnalögum, lögum um Þjóðminjasafn Íslands og lögum um Náttúruminjasafn Íslands (samráð og skipunartími).

Menningar- og viðskiparáðuneytið birti drög að frumvarpinu í samráðsgátt stjórnvalda 15. nóvember síðastliðinn, mál S-220/2022. Samráðstími var tvær vikur. Innsendar umsóknir voru sex talsins, frá eftirfarandi: Náttúruminjasafni Íslands (NÍ), Félagi fornleifafræðinga (FF), Minjastofnun Íslands (MÍ), Félagi þjóðfræðinga á Íslandi (FÞ), Þjóðminjasafni Íslands (ÞÍ) og safnaráði (SR).

Eftirfarandi er efnisleg samantekt á umsögnunum:

NÍ fagnar frumvarpinu. Telur tíu ára hámark á skipunartíma af hinu góða og að það ætti jafnframt að gilda um forstöðumenn allra ríkisstofnana landsins. Hilmar J. Malmquist forstöðumaður ritar undir umsögnina.

FF fagnar frumvarpinu og telur það fyrsta skrefið í að endurskapa traust milli fornleifafræðinga og stjórnsýslu safnamála á Íslandi. Varðandi samráðshlutann telur FF að samtal milli stjórnsýslu og fornleifafræðinga hafi verið ábótavant gegnum tíðina og fornleifafræðingar verið í menningarlegri nauðvörn. Aukið samtal sé mikilvægt skref. Þá fagnar FF breytingu á skipunartíma, telur hana mikilvæga og þarft skref. Bendir enn fremur á að ástæða sé til að endurskoða lög um Þjóðminjasafn Íslands og jafnvel lög um öll höfuðsöfn. FF bendir jafnframt á að fjölga þurfi rannsóknarstöðum við höfuðsöfnin. Stjórn Félags fornleifafræðinga ritar undir umsögnina.

MÍ fagnar efnislegum tillögum frumvarpsins. Einnig leggur MÍ til að tækifærið verði nýtt og endurskoðun gerð á heiti embætta. Rökstyður og leggur til breytingu á lögum um Þjóðminjasafn Íslands þess efnis að embættisheitið *Þjóðminjavörður* verði fjarlægt úr lögnum. Gísli Óskarsson sviðsstjóri lögfræðisviðs MÍ ritar undir umsögnina.

FÞ fagnar breytingum frumvarpsins. FÞ telur að breytingin í 1. gr. frumvarpsins muni auka traust og stuðla að betra samstarfi stjórnvalda og safna á Íslandi. Þá telur FÞ að breytingarnar í 2. og 3. gr. feli það í sér að styrkja faglega stjórn safnanna og tryggja endurnýjun þekkingar. FÞ bendir að mikilvægt sé til að auka gagnsæi og lýðræðisleg vinnubrögð að stöður forstöðumanna séu alltaf auglýstar. Um ráðningar forstöðumanna fer eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, en þau lög eru ekki til endurskoðunar hér. Þau lög eru á málefnasviði fjármála- og efnahagsráðherra. Stjórn Félags þjóðfræðinga á Íslandi ritar undir umsögnina.

ÞÍ fagnar breytingum á safnalögum og telur að samráðsfundir nýtist vel til að ræða þróun safnastarfs og áherslur í safnastarfi á hverjum tíma. ÞÍ hvetur jafnframt til þess að farið verði í endurskoðun á safnalögum með heildstæðum hætti. Ekki er þó nefnt sérstaklega í hverju slík endurskoðun ætti að vera falin. Þá hvetur ÞÍ til þess að samræmis og jafnréttis sé gætt í réttindum embættismanna ríkisins og hliðsjón sé höfð af stjórnendastefnu ríkisins. Harpa Þórsdóttir þjóðminjavörður ritar undir umsögnina.

SR gerir ekki athugasemdir við breytingu á skipunartíma forstöðumanna höfuðsafna. SR bendir hins vegar á að við breytingar á safnalögum væri æskilegt væri að kveða á um að ráðið boði „að minnsta kosti“ árlega til samráðsfundar þannig að hægt sé að bregðast við og kalla til samráðsfundar fyrir utan hinn hefðbundna árlega samráðsfund ef nauðsyn krefur. Vel er hægt að fallast á þessa röksemd og hefur verið gerð orðalagsbreyting á frumvarpinu að þessu leyti. Þá bendir SR á að rétt sé að telja Félag íslenskra náttúrufræðinga með í upptalningu á hagaðilum í skýringu í greinargerð við 1. gr. frumvarpsins. Enda þótt hagaðilar sem þar eru nefndir séu bara taldir upp í dæmaskyni þá er athugasemdin gild og tekin til greina. Þóra Björk Ólafsdóttir framkvæmdastjóri safnaráðs ritar undir umsögnina.